

Mál nr. 425/2021**M og****V1 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 vegna ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur við N1 Borgarnesi 20. október 2021.****Gögn.**

Málskot, móttakið 20. nóvember 2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 30. nóvember 2021, ásamt álitni tjonanefndar í máli 320/2021 og gögnum sem lögð voru fyrir þá nefnd auk athugasemda ökumanns RR 457 við málskoti.

Bréf V1, dags. 7. desember 2021, ásamt tjonstilkynningu, nánari lýsingu M til tjonanefndar, niðurstöðu tjonanefndar í máli 320/2021 og úrskurður í máli nr. 25/2021.

Málsatvik.

Í sameiginlegri tjonstilkynningu ökumanna kemur fram að báðir ökumenn bifreiðanna A og B hafi verið að aka aftur á bak úr stöðureitum við N1 í Borgarnesi þegar þær lentu saman. Á framhlið tjonstilkynningarinnar má sjá teikningu sem sýnir að bifreiðar A og B hafi fyrir það verið hlið við hlið í stöðureitum. Einnig kemur fram að ákoma hafi verið aftan á bifreið A en í hlið bifreiðar B. Báðir ökumenn rita undir sameiginlega framhlið tjonstilkynningarinnar. Á bakhlið tjonstilkynningarinnar segist ökumaður bifreiðar A hafa verið að aka aftur á bak þegar bifreið B hafi verið beygt til hægri í hlið bifreiðar A. Í skýrslu ökumanns bifreiðar B kemur fram að hann hafi ekki sést lengur í hliðarspegil bifreiðar B þegar bifreið B var ekið aftur á bak. Einnig segir ökumaður bifreiðar B að ökumaður bifreiðar A hafi flautað þegar bifreiðarnar lentu saman og þá hafi hún stigið óvart á bensingjöf og fyrir vikið komið meira högg á bifreið A.

M, sem var ökumaður bifreiðar A, telur að leggja eigi alla sök á ökumann bifreiðar B þar sem hún hafi ekið aftur á bak og sveigt til hægri utan í bifreið A og orsök árekstursins sé fyrst og fremst það að bifreið B hafi verið beygt til hægri. M kveðst hafa fylgst með í bakkmyndavél bifreiðar A vegna umferðar fyrir aftan sig og hafi ekki átt möguleika að koma í veg fyrir áreksturinn.

V1 telur alla sök liggja hjá ökumanni bifreiðar B þar sem þeirri bifreið hafi verið beygt til hægri og þannig inn í akstursleið bifreiðar A og vísar einnig til úrskurðar nefndarinnar í máli nr. 25/2021 sem félagið telur sambærilegan þessum aðstæðum.

V2 telur að báðir ökumenn beri jafna sök á árekstrinum þar sem báðir hafi verið að aka aftur á bak og hafi hvorugur gætt nægrar varúðar við það, sbr. fyrirmæli 1. mgr. 20. gr. umferðarlaga nr. 77/2019. V2 vísar í nokkra úrskurði nefndarinnar máli sínu til stuðnings, sbr. mál nr. 322/2016, 30/2017, 218/2017 og 90/2018.

Álit.

Ljóst er að fyrirmæli umferðarlaga nr. 77/2019 leggja þær skyldur á ökumenn sem aka aftur á bak að þeir gangi úr skugga um að það sé unnt án hættu eða óþæginda fyrir aðra. Slíkar skyldur hvíldu á ökumönnum bifreiða A og B þegar þeir óku aftur á bak úr stöðureitum hlið við hlið. Á framhlið sameiginlegrar tjonstilkynningar kemur fram að ákoma á bifreið A hafi verið í hlið hennar og verður lagt til grundvallar m.v. framburði ökumanna að bifreið B hafi verið ekið til hliðar um leið og henni var ekið aftur á bak. Auk þessa vísar ökumaður bifreiðar B til þess í sinni skýrslu að bifreið A hafi verið komin það langt út úr stöðureit að hún hafi ekki séð bifreið A í hliðarspeglum bifreiðar sinnar.

Af þessum upplýsingum verður ekki annað ráðið en að bifreið B hafi verið til hliðar og verður að telja það hafa verið orsök áreksturs milli bifreiða A og B og hefur það stoð í ákomu á bifreið A. Verður af þessum sökum talið að aðgæsluskylda ökumanns bifreiðar B hafi verið ríkari en ökumanns bifreiðar A og þannig beri ökumaður bifreiðar B alla sök á árekstrinum.

Niðurstaða.

Ökumaður bifreiðarinnar B ber alla ábyrgð á árekstrinum.

Reykjavík, 21. desember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.